



Gunnlaug H. Einarsdóttir  
Gunnar Alexander Ólafsson  
Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

Reykjavík, 15. apríl 2016  
1510151/9.4/jjh

### Efni: Heilsufarsáhrif dekkjakurls á íþróttavöllum

Í bréfi dags. 14. apríl 2016 er óskað eftir álitum sóttvarnalæknis á heilsufarsáhrifum dekkjakurls á íþróttavöllum hér á landi.


Umræða um meint heilsuspillandi áhrif dekkjakurls á heilsufar barna og unglunga á íþróttavöllum hefur verið hávæð á undanförunum misserum og nú liggur fyrir þingsályktunartillaga á alþingi um bann við notkun dekkjakurls á íþróttavöllum landsins.

Ég tel vafa leika á því hvort ofangreint málefni heyri undir þau verkefni sem sóttvarnalækni eru falin samkvæmt sóttvarnalögum (nr. 19/1997) en mun engu að síður svara ofangreindu eftir faglega athugun. Ég hef kynnt mér þau rök sem Umhverfisstofnun hefur notað í sínum málflytningi um þetta mál og sömuleiðis rök Læknafélags Íslands fyrir ályktun gegn notkun dekkjakurls á aðalfundum LÍ 2010 og 2015.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum virðist nokkuð ljóst að dekkjakurl inniheldur fjölmörg efni sem ein og sér geta verið heilsuspillandi bæði hvað varðar bráð ofnæmisviðbrögð og mögulega langvinn heilsuspillandi áhrif eins og krabbamein. Að auki geta ýmis efni og þungmálmur borist út í umhverfið frá íþróttavöllum þar sem dekkjakurl er til staðar og valdið þar óæskilegum áhrifum. Á hinn bóginn er ekki hægt að vitna í rannsóknir sem sýna óyggjandi fram á heilsuspillandi áhrif dekkjakurls á íþróttavöllum hjá börnum eða unglungum. Sérfræðingar í nokkrum löndum (t.d. Noregi og Danmörku) ganga reyndar svo langt að fullyrða að engin heilsufarsleg hættu stafi af dekkjakurli meðan aðrir (t.d. Svíar) hafa talið óvissuna það mikla að ekki sé rétt að nota dekkjakurl á íþróttavöllum.

Ég tel ekki forsendur vera fyrir því að fullyrða, að börnum og unglungum stafi heilsufarsleg hættu af dekkjakurli á íþróttavöllum en bendi á að skortur er á áreiðanlegum rannsóknum á þessu sviði. Í ljósi þessarar óvissu er sú krafa skiljanleg að dekkjakurl verði ekki notað á íþróttavöllum landsins.

Virðingarfyllt,

  
Þóroldur Guðnason  
sóttvarnalæknir